

Alþingi
Erindi nr. P 135/2829
komudagur 20.5.2008

Hafnarfirði 19. maí 2008

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Varðar: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um sjúkratryggingar, 613. mál,
heildarlög.

Kæru nefndarmenn,

Ef vel ætti að vera þyrfti ég marga mánuði til að átta mig á öllum tengingum og óbeinum breytingum sem verða vegna frumvarpsins. Ég vona að þið hafið áttað ykkur á þeim öllum og þetta sé til einföldunar og hagsbóta fyrir sjúklingana. Ég krossa fingur og vona það besta.

Ég geri þó eftirfarandi athugasemdir:

1. Bifreiðar og styrkir til bifreiðakaupa verða færðir til Félags og tryggingaráðherra. Hvað er lyftubíllinn sem ég er á, annað en hjálpertæki? Ég er á rafmagnshjólástól sem flokkast sem hjálpertæki og til að komast á milli þarf ég sérútbúinn bíl. Þetta er aukabifreið inná heimilið og einungis keypt sem hjálpertæki fyrir mig. Ég vil að hjálpertækið sérútbúinn bíl sé meðhöndlaður sem hjálpertæki.
2. 34.gr. Umsóknir um bætur. Sækja skal um allar bætur samkvæmt lögum þessum..... Hér er enn og aftur reiknað með að þeir sem veikjast öðlist gáfur miðils og viti hvaða bótum viðkomandi á rétt á. Hvernig á ég að vita það sem aldrei hef kennt mér meins um ævina fyrr en áfallið dynur yfir? Ég skora á ykkur að bæta við þessa setningu eftirfarandi.....**en jafnframt er sjúkratryggingarstofnun skylt að upplýsa viðkomandi umsækjanda um allann sinn rétt innan málaflokka síns kerfis.** Munum að kerfið er fyrir okkur og ykkur þegar þið þurfið en ekki að við þurfum að þjóna kerfinu.
3. 36. gr. Stjórnsýslukærur. Þarna virðist mér hafa glatast ein setning í lokin. Það er örugglega ekki ætlan nefndarinnar að bótaþeginn geti ekki kært úrskurði til dómstóla eins og stofnunin? Eða hvað?
4. 37. gr. Ofgeiðslur og vangreiðslur bóta. Eins og í 36. gr. er ekki gætt jafnræðis. Auðvitað á stofnunin að greiða vexti á sama hátt og hún getur innheimt þá. Einnig mætti bæta við að stofnuninni sé heimilt að taka tillit til fjárhagsaðstæðna bótaþega við endurkröfur. Jafnvel skatturinn lætur ekki hirða allt af viðkomandi skuldara. Varla er ykkar markmið að vera grimmari en sá vinsæli maður? Eða hvað?

Læt ég þessu lokið í bili. Þætti vænt um að heyra rök nefndarinnar ef þessar sanngjörnu athugasemdir verða ekki teknar til greina.

Kærleikskveðjur og ósk um velfarnað í ykkar störfum.

Guðjón Sigurðsson, Formaður MND félagsins, Box 94, 222 Hafnarfirði

